

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Kovaltry 250 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Kovaltry 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Kovaltry 1000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Kovaltry 2000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Kovaltry 3000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

2. INNIHALDSLÝSING

Kovaltry 250 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Kovaltry inniheldur u.þ.b. 250 a.e. (100 a.e. / 1 ml) af raðbrigða storkuþætti VIII úr mönnum (INN: októkóg alfa) eftir blöndun.

Kovaltry 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Kovaltry inniheldur u.þ.b. 500 a.e. (200 a.e. / 1 ml) af raðbrigða storkuþætti VIII úr mönnum (INN: októkóg alfa) eftir blöndun.

Kovaltry 1000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Kovaltry inniheldur u.þ.b. 1000 a.e. (400 a.e. / 1 ml) af raðbrigða storkuþætti VIII úr mönnum (INN: októkóg alfa) eftir blöndun.

Kovaltry 2000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Kovaltry inniheldur u.þ.b. 2000 a.e. (400 a.e. / 1 ml) af raðbrigða storkuþætti VIII úr mönnum (INN: októkóg alfa) eftir blöndun.

Kovaltry 3000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Kovaltry inniheldur u.þ.b. 3000 a.e. (600 a.e. / 1 ml) af raðbrigða storkuþætti VIII úr mönnum (INN: októkóg alfa) eftir blöndun.

Virknin (a.e.) er ákvörðuð með því að nota litmyndunarpróf samkvæmt Evrópsku lyfjaskránni. Eðlisvirkni Kovaltry er u.þ.b. 4.000 a.e./mg próteins.

Októkóg alfa (raðbrigða storkuþáttur VIII úr mönnum (rDNA)) í fullri lengd) er hreinsað prótein sem inniheldur 2.332 amínósýrur. Það er framleitt með raðbrigða DNA tækni í nýrnafrumum úr hamstursungum (BHK-frumum), þar sem geni storkuþáttar VIII úr mönnum hefur verið komið fyrir. Kovaltry er framleitt án þess að próteini úr manni eða dýri sé bætt við í frumuræktinni, hreinsuninni eða endanlegu samsetningunni.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyfsstofn og leysir, lausn

Stungulyfsstofn: fast efni, hvítt eða lítið eitt gulleitt.
Leysir: vatn fyrir stungulyf, tær vökvi.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Meðferð eða varnandi meðferð við blæðingum hjá sjúklingum með dreyrasýki A (meðfæddan skort á storkupætti VIII). Kovaltry má nota fyrir alla aldurshópa.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Meðferð þarf að vera undir eftirliti læknis sem hefur reynslu í meðferð við dreyrasýki.

Eftirlit með meðferð

Meðan á meðferð stendur er ráðlagt að ákvarða þéttni storkupáttar VIII með viðeigandi hætti til aðstoðar við ákvörðun skammta og tíðni endurtekens innrennslis. Svörun við gjöf storkupáttar VIII getur verið mismunandi milli sjúklunga, bæði hvað varðar helmingunartíma og bata. Skömmtum sem miðaðir eru við líkamsþyngd gæti þurft að breyta hjá sjúklingum í undirþyngd eða yfirþyngd.

Þegar um er að ræða stærri skurðaðgerðir sér í lagi, er nákvæmt eftirlit með uppbótarmeðferðinni með mælingum á blóðstorknun (virkni storkupáttar VIII í plasma) afar mikilvægt.

Skammtar

Skammturinn og lengd uppbótarmeðferðarinnar eru háð því hversu alvarlegur skorturinn á storkupætti VIII er, staðsetningu og umfangi blæðingarinnar og klínísku ástandi sjúklingsins.

Fjöldi gefinna eininga af storkupætti VIII er skilgreindur sem alþjóða einingar (a.e.) og tengjast gildandi WHO staðli fyrir lyf sem innihalda storkupátt VIII. Virkni storkupáttar VIII í plasma er annað hvort gefin til kynna sem hundraðshluti (miðað við eðlilegt plasma manna) eða sem alþjóða einingar (miðað við alþjóðlegan staðal fyrir storkupátt VIII í plasma).

Ein alþjóða eining (a.e.) af virkni storkupáttar VIII er jafngild magni storkupáttar VIII í einum ml af eðlilegu plasma manna.

Meðferð eftir þörfum

Ákvörðun á hæfilegum skammti af storkupætti VIII er byggð á þeirri reynslu að ein alþjóða eining (a.e.) af storkupætti VIII fyrir hvert kg líkamsþunga eykur virkni storkupáttar VIII í plasma um 1,5% til 2,5% af eðlilegri virkni.

Hæfilegur skammtur er reiknaður út með því að nota eftirfarandi jöfnu:

Hæfilegt magn eininga = líkamsþungi (kg) x hækkun storkupáttar VIII sem óskað er eftir (% eða a.e./dl) x umhverfan af merkjanlegri aukningu (þ.e. 0,5 fyrir aukningu upp á 2,0%).

Magn og tíðni lyfjagjafa skal alltaf miðast við þá klínísku virkni sem óskað er eftir í hverju einstöku tilviki.

Í tilvikum eftirfarandi blæðinga, skal virkni storkupáttar VIII ekki fara niður fyrir uppgefið gildi (% af eðlilegu) á samsvarandi tímabili. Eftirfarandi töflu má nota til leiðbeininga við blæðingar og skurðaðgerðir:

Tafla 1: Leiðbeiningar um skömmtun við blæðingar og skurðaðgerðir

Alvarleiki blæðingar / Tegund aðgerðar	Blóðgildi storkupáttar VIII sem óskað er eftir (%) (a.e./dl)	Skammtatíðni (klst.) / Meðferðarlengd (dagar)
<u>Blæðing</u> Byrjandi liðblæðing, blæðing í vöðva eða blæðing í munnholi	20 - 40	Endurtaka á gjöf á 12 til 24 klst. fresti. Að minnsta kosti 1 dagur, þar til blæðing, sem verkir gefa til kynna, hefur stöðvast eða sár hafa gróið nægjanlega vel.
Alvarlegri liðblæðingar, blæðingar í vöðva eða margúll (haematoma)	30 - 60	Endurtaka á innrennsli á 12 – 24 klst. fresti í 3 – 4 daga eða lengur þar til verkur og bráð hreyfihömlun (disability) hefur lagast nægjanlega vel.
Lífshættuleg blæðing	60 - 100	Endurtaka á innrennsli á 8 – 24 klst. fresti þar til hætta er afstaðin.
<u>Aðgerðir</u> Minni aðgerðir þar með talið tanndráttur	30 - 60	Á 24 klst. fresti í að minnsta kosti 1 dag þar til sár hefur gróið nægjanlega vel.
Stórar aðgerðir	80 - 100 (fyrir og eftir aðgerð)	Endurtaka á innrennsli á 8 – 24 klst. fresti þar til sár hefur gróið nægjanlega vel og síðan meðferð í að minnsta kosti 7 daga til viðbótar til að viðhalda 30% - 60% virkni storkupáttar VIII (a.e./dl).

Forvörn

Við langvarandi, fyrirbyggjandi meðferð við blæðingu hjá sjúklingum með alvarlega dreyrasýki A eru venjulegir skammtar fyrir unglunga (≥ 12 ára) og fullorðna sjúklinga 20 til 40 a.e. af Kovaltry fyrir hvert kg líkamspunga tvisvar til þrisvar í viku.

Í sumum tilvikum, sérstaklega hjá ungum sjúklingum, getur þurft að hafa styttra milli skammta og gefa stærri skammta.

Börn

Rannsókn á öryggi og verkun hefur verið gerð hjá börnum 0 - 12 ára (sjá kafla 5.1).

Ráðlagðir fyrirbyggjandi skammtar eru 20-50 a.e./kg tvisvar í viku, þrisvar í viku eða annan hvern dag eftir þörfum. Hjá börnum eldri en 12 ára eru ráðlagðir skammtar þeir sömu og fyrir fullorðna.

Lyfjagjöf

Til notkunar í bláæð.

Kovaltry er gefið með inndælingu í bláæð á 2 til 5 mínútum, sem fer eftir heildarmagninu. Hraði inndælingar fer eftir ástandi sjúklings (hámarkshraði inndælingar: 2 ml/mínútu).

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 og fylgiseðli um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

- Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.
- Þekkt ofnæmisviðbrögð fyrir músa- eða hamsturspróteinum.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja þarf að skrá greinilega heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er.

Ofnæmi

Ofnæmi er hugsanlegt við notkun Kovaltry.

Ef einkenni um ofnæmi koma fram skal ráðleggja sjúklingi að hætta notkun lyfsins án tafar og hafa samband við lækinn.

Upplýsa skal sjúklinga um fyrstu merki um ofnæmisviðbrögð svo sem kláða, útbreiddan ofsakláða, þyngsli fyrir brjósti, mäs, lágþrýsting og bráðaofnæmi.

Fái sjúklingur lost skal veita almenna meðferð við losti.

Mótefni

Myndun hlutleysandi mótefna (hemla) gegn storkuþætti VIII er þekkt vandamál við meðferð sjúklinga með dreyrasýki A. Venjulega eru þessi mótefni IgG ónæmisglóbúlín sem beinast gegn storkununarvirkni storkuþáttar VIII og magnið gefið upp sem fjöldi Bethesda-eininga (BE) í hverjum ml plasma með því að nota breytta greiningu. Hættan á myndun mótefnis er í beinu samhengi við alvarleika sjúkdómsins og það magn af storkuþætti VIII sem er gefið, mesta hættan er fyrstu 50 dagana sem lyfið er gefið og er hættan til staðar það sem sjúklingurinn á ólifað, þó það sé sjaldgæft.

Klínískt mikilvægi mótefnamyndunar fer eftir títra mótefnisins, þar sem mótefni með lágan títra valda minni hættu á ófullnægjandi klínískri svörun en mótefni með háan títra.

Almennt séð skal fylgjast vandlega með öllum sjúklingum í meðferð með lyfjum sem innihalda storkuþátt VIII vegna myndunar mótefna, með viðeigandi klínískum skoðunum og prófum á rannsóknarstofum (sjá kafla 4.2).

Ef ekki næst sú virkni storkuþáttar VIII í plasma, sem vænst er, eða ef ekki hefur tekist að ná stjórn á blæðingu með viðeigandi skammti, skal framkvæma próf til að kanna hvort mótefni gegn storkuþætti VIII sé til staðar. Hjá sjúklingum, sem hafa mikið magn af mótefnum, kann meðferð með storkuþætti VIII að vera árangurslaus og íhuga ber önnur meðferðarúrræði. Meðferð slíkra sjúklinga skal vera undir stjórn læknis með reynslu af meðhöndlun dreyrasýki og mótefna storkuþáttar VIII.

Hjarta- og æðakvillar

Hjá sjúklingum þar sem áhættuþættir tengdir hjarta og æðakerfi eru til staðar getur uppbótarmeðferð með storkuþætti VIII aukið hættuna fyrir hjarta og æðakerfi.

Fylgikvillar tengdir æðalegg

Ef nota þarf miðlægan bláæðalegg (CVAD) skal íhuga hættu á fylgikvillum í tengslum við miðlægan bláæðalegg, svo sem staðbundnum sýkingum, bakteríudreyra og segamyndun við æðalegg.

Eindregið er mælt með því að í hvert sinn sem Kovaltry er gefið sjúklingi sé heiti lyfsins og lotunúmer skráð til að tryggja rekjanleika milli sjúklings og framleiðslulotu lyfsins.

Börn

Varnaðarorð og varúðarreglur sem hér koma fram eiga bæði við um fullorðna og börn.

Natríuminnihald

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. nær laust við natríum.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir lyfja sem innihalda storkupátt VIII úr mönnum (rDNA) við önnur lyf.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Ekki hafa verið gerðar dýrarannsóknir á æxlun með storkupætti VIII. Þar sem tíðni dreyrasyki A hjá konum er mjög lítil er engin reynsla af notkun storkupáttar VIII á meðgöngu. Því skal aðeins nota storkupátt VIII á meðgöngu ef brýna nauðsyn beri til.

Brjóstgjöf

Ekki er þekkt hvort Kovaltry skilst út í brjóstamjól. Útskilnaður hjá dýrum hefur ekki verið rannsakaður. Því skal aðeins nota storkupátt VIII meðan á brjóstgjöf stendur ef brýna nauðsyn beri til.

Frjósemi

Engar dýrarannsóknir til að kanna áhrif á frjósemi hafa verið gerðar með Kovaltry og áhrif þess á frjósemi hjá mönnum hafa ekki verið staðfest í klínískum samanburðarrannsóknum. Þar sem Kovaltry er prótein sem bætir upp skort á eigin storkupætti VIII er ekki gert ráð fyrir neinum aukaverkunum á frjósemi.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Ef sjúklingar finna fyrir sundli eða öðrum einkennum sem hafa áhrif á færni þeirra til einbeitingar og viðbragðs er ráðlagt að þeir hvorki aki né stjórni vélum þar til áhrifin ganga til baka.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggisatriðum

Ofnæmi og ofnæmisviðbrögð (sem kunna að fela í sér ofsabjúg, sviða og sársauka á innrennslisstað, kuldahroll, andlitsroða, útbreiddan ofsakláða, höfuðverk, ofsakláða, lágþrýsting, svefndrunga, ógleði, óróleika, hraðtakt, þrengsli fyrir brjósti, náladofa, uppköst, mäs) hafa komið fram og geta í sjaldgæfum tilvikum þróast yfir í alvarleg bráðaofnæmisviðbrögð (þar með talið lost).

Myndun mótefna gegn músa- og hamsturspróteinum ásamt tengdum ofnæmisviðbrögðum geta komið fram.

Myndun hlutleysandi mótefna (hemla) getur komið fram hjá sjúklingum með dreyrasyki A sem fá meðferð með storkupætti VIII (FVIII), þar á meðal með Kovaltry. Ef slík mótefni myndast getur ástandið lýst sér sem ófullnægjandi klínísk svörun. Í slíkum tilvikum er mælt með því að hafa samband við sérhæfða blæðaramiðstöð.

Tafla yfir aukaverkanir

Taflan sem kemur fram hér á eftir er í samræmi við MedDRA líffæraflokkun (líffæraflokkun og ákjósanlegasta heiti). Tíðnin hefur verið metin samkvæmt eftirfarandi venju: mjög algengar ($\geq 1/10$), Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$).

Innan tíðniflokka eru algengustu aukaverkanirnar taldar upp í röð eftir minnkandi alvarleika.

Tafla 2: Tíðni aukaverkana í klínískum rannsóknum

MedDRA flokkun eftir líffærum	Aukaverkun	Tíðni
Blóð og eitlar	Eitlastækkun	Sjaldgæfar
	Myndun hlutleysandi mótefna (hemla) gegn storkuþætti VIII	Mjög algengar (sjúklingar sem ekki hafa fengið meðferð áður)* Sjaldgæfar (sjúklingar sem hafa fengið meðferð áður)*
Ónæmiskerfi	Ofnæmi	Sjaldgæfar
Geðræn vandamál	Svefnleysi	Algengar
Taugakerfi	Höfuðverkur	Algengar
	Sundl	Algengar
	Truflað bragðskyn	Sjaldgæfar
Hjarta	Hjartsláttarónot	Sjaldgæfar
	Skúthraðtaktur	Sjaldgæfar
Æðar	Andlitsroði	Sjaldgæfar
Meltingarfæri	Kviðverkir	Algengar
	Óþægindi í kvið	Algengar
	Meltingartruflanir	Algengar
Húð og undirhúð	Kláði	Algengar
	Útbrot***	Algengar
	Ofsakláði	Algengar
	Ofnæmishúðbólga	Sjaldgæfar
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Sótthiti	Algengar
	Viðbrögð á stungustað**	Algengar
	Óþægindi fyrir brjósti	Sjaldgæfar

*Tíðni er byggð á rannsóknum með öllum lyfjum með storkuþætti VIII sem tóku til sjúklinga með alvarlega dreyrásýki A.

** þ.m.t. utanæðablæðing á stungustað, margúll, verkur á innrennslisstað, kláði, þroti

*** útbrot, útbrot með roða, útbrot með kláða, blöðruútbrot

Lýsing á völdum aukaverkunum

Alls voru 236 sjúklingar í sameinuðu þýði sem lá til grundvallar mati á öryggi lyfsins í þremur III. stigs rannsóknum á sjúklingum sem höfðu áður fengið meðferð, sjúklingum sem ekki höfðu áður fengið meðferð og sjúklingum sem höfðu fengið lágmarksmeðferð (193 höfðu áður fengið meðferð, 43 höfðu ekki áður fengið meðferð eða höfðu fengið lágmarksmeðferð); LEOPOLD I, LEOPOLD II og LEOPOLD Kids rannsóknirnar. Miðgildi tíma sem sameinað þýði sem lá til grundvallar mati á öryggi tók þátt í klínískum rannsóknum var 558 dagar (á bilinu 14 til 2.436 dagar) og miðgildi meðferðardaga (exposure days) var 183 dagar (á bilinu 1 til 1.230 meðferðardagar).

- Þær aukaverkanir sem oftast var tilkynnt um í öllu þýðinu voru sótthiti, höfuðverkur og útbrot.
- Þær aukaverkanir sem oftast var tilkynnt um hjá sjúklingum sem höfðu áður fengið meðferð tengdust hugsanlegum ofnæmisviðbrögðum, þar með talið höfuðverkur, sótthiti, kláði, útbrot og óþægindi í kvið.
- Sú aukaverkun sem oftast var tilkynnt um hjá sjúklingum sem ekki höfðu áður fengið meðferð eða höfðu fengið lágmarksmeðferð var myndun hlutleysandi mótefna (hemla) gegn storkupætti VIII.

Mótefnamyndun

Mótefnamyndun Kovaltry var metin hjá sjúklingum sem áður höfðu fengið meðferð og sjúklingum sem ekki höfðu áður fengið meðferð/ sjúklingum sem höfðu fengið lágmarksmeðferð.

Í klínískum rannsóknum á Kovaltry hjá um það bil 200 börnum og fullorðnum sem greind höfðu verið með alvarlega dreyrasýki A (storkupáttur VIII:C < 1%) og sem áður höfðu fengið storkupáttar VIII þykki í a.m.k. 50 meðferðardaga, kom fram eitt tímabundið tilvik hlutleysandi mótefna (hemla) með lítilli þéttni (hámarksþéttni 1,0 Bethesda einingar (BE)/ml) hjá 13 ára sjúklingi sem áður hafði fengið meðferð, eftir 549 meðferðardaga. Endurheimt storkupáttar VIII var eðlileg (2,7 a.e./dl fyrir hverja a.e./kg) .

Börn

Enginn munur sást á aukaverkunum í klínískum rannsóknum eftir aldri, að frátalinni myndun hlutleysandi mótefna (hemla) gegn storkupætti VIII hjá sjúklingum sem ekki höfðu áður fengið meðferð/sjúklingum sem höfðu fengið lágmarksmeðferð.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Ekki hefur verið greint frá neinum einkennum ofskömmunar raðbrigða storkupáttar VIII úr mönnum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Blæðingalyf: storkupáttur VIII, ATC-flokkur: B02BD02

Verkunarháttur

Storkupáttur VIII/von Willebrand storkupáttar (vWF) flétta samanstandur af tveimur sameindum (storkupáttur VIII og vWF) með mismunandi lífeðlisfræðilega verkun. Við innrennsli í sjúkling með dreyrasýki binst storkupáttur VIII við vWF í blóðrás sjúklingsins. Virkjaður storkupáttur VIII verkar sem hjálparþáttur (cofactor) virkjaðs storkupáttar IX og hraðar umbreytingu á storkupætti X í virkjaðan storkupátt X. Virkjaður storkupáttur X umbreytir prótrombín í trombín. Trombín umbreytir síðan fibrínógeni í fibrín og kökkur getur myndast. Dreyrasýki A er kynbundinn arfgengur blóðsjúkdómur sem stafar af lækkuðum gildum storkupáttar VIII:C og leiðir til mikilla blæðinga inn á liði, vöðva og innri líffæri annað hvort af sjálfu sér eða vegna áverka í slysum eða við skurðaðgerðir. Með uppþátarmeðferð er styrkur storkupáttar VIII í plasma aukinn og þannig er möguleg tímabundin leiðrétting á storkupáttarskortri og stilling á blæðingarhneigð.

Hafa ber í huga að árleg blæðingartíðni er ekki sambærileg milli mismunandi storkuþáttarþykkna og mismunandi klínískra rannsókna.

Kovaltry inniheldur ekki von Willebrand storkuþátt.

Lyfhrif

Virkjaði trombóplasmíntíminn (activated partial thromboplastin time (aPTT)) er lengdur hjá einstaklingum með dreyrásýki. Ákvörðun á aPTT er hentugt *in vitro* próf til að meta líffræðilega virkni storkuþáttar VIII. Meðferð með rFVIII kemur aPTT í eðlilegt horf á svipaðan hátt og sést eftir gjöf storkuþáttar VIII sem unninn er úr plasma manna.

Verkun og öryggi

Stjórn og fyrirbygging blæðinga

Gerðar voru tvær fjölsetra, opnar, slembaðar rannsóknir með víxlun og án samanburðar á fullorðnum/unglingum með alvarlega dreyrásýki A (< 1%) sem höfðu fengið meðferð áður og ein fjölsetra, opin, rannsókn án samanburðar hjá sjúklingum < 12 ára með alvarlega dreyrásýki A sem höfðu fengið meðferð áður (hluti A) og sjúklingum < 6 ára með alvarlega dreyrásýki A sem ekki höfðu áður fengið meðferð eða höfðu fengið lágmarksmeðferð (hluti B).

Alls hafa 247 þátttakendur (204 sem höfðu fengið meðferð áður og 43 sem höfðu ekki fengið meðferð áður eða höfðu fengið lágmarksmeðferð) fengið lyfið í klínísku rannsóknunum, 153 þátttakendur ≥ 12 ára og 94 þátttakendur < 12 ára. Tvö hundruð og átta (208) þátttakendur (174 sem höfðu fengið meðferð áður og 34 sem höfðu ekki fengið meðferð áður eða höfðu fengið lágmarksmeðferð) voru meðhöndlaðir í a.m.k. 360 daga og 98 þessara einstaklinga (78 sem höfðu fengið meðferð áður og 20 sem höfðu ekki fengið meðferð áður eða höfðu fengið lágmarksmeðferð) í a.m.k. 720 daga.

Börn < 12 ára

Hluti A: Í rannsókninni á börnum voru 51 sjúklingur með alvarlega dreyrásýki A sem áður höfðu fengið meðferð, 26 einstaklingar á aldrinum 6-12 ára og 25 einstaklingar í aldursþópnum < 6 ára sem höfðu uppsafnað miðgildi 73 meðferðardaga (bil: 37 til 103 meðferðardaga). Gefnar voru tvær eða þrjár inndælingar á viku, eða allt að annan hvern dag, af 25 til 50 a.e./kg. Fyrirbyggjandi notkun og notkun til meðferðar á blæðingu, árleg blæðingartíðni og árangurshlutfall eru sýnd í töflu 3.

Hluti B: Alls voru 43 sjúklingar sem höfðu ekki fengið meðferð áður eða höfðu fengið lágmarksmeðferð teknir inn í rannsóknina og fengu þeir að miðgildi 46 meðferðardaga (á bilinu 1 til 55 meðferðardaga). Miðgildi skammta til meðferðar við blæðingum hjá öllum sjúklingum sem höfðu ekki fengið meðferð áður eða höfðu fengið lágmarksmeðferð var 40,5 a.e./kg og voru 78,1% allra blæðinga meðhöndlaðar með góðum árangri með ≤ 2 innrenslum. Sú aukaverkun sem oftast var tilkynnt um hjá sjúklingum sem ekki höfðu áður fengið meðferð eða höfðu fengið lágmarksmeðferð var myndun hlutleysandi mótefna (hemla) gegn storkuþætti VIII (sjá kafla 4.8). Hlutleysandi mótefni gegn storkuþætti VIII greindust hjá 23 af 42 sjúklingum og var miðgildi fjölda meðferðardaga fram að fyrstu greiningu mótefnanna 9 (á bilinu 4 til 42). Af þessum sjúklingum voru 6 sjúklingar með mótefni í lítilli þétni (≤5,0 Bethesda einingar (BE)) en 17 sjúklingar voru með mótefni í mikilli þétni.

Framhaldsrannsókn: Af þeim 94 þátttakendum sem fengu meðferð voru 82 þátttakendur teknir inn í Leopold Kids framhaldsrannsóknina, 79 sjúklingar fengu meðferð með Kovaltry og 67 sjúklingar fengu Kovaltry sem fyrirbyggjandi meðferð. Miðgildi tíma sem þátttakendur tóku þátt í framhaldsrannsókninni var 3,1 ár (á bilinu 0,3 til 6,4 ár), en miðgildi heildartíma sem þátttakendur tóku þátt í allri rannsókninni (aðalrannsókninni og framhaldsrannsókninni) var 3,8 ár (á bilinu 0,8 til 6,7 ár).

Meðan á framhaldsrannsókninni stóð fengu 67 af 82 þátttakendum Kovaltry sem fyrirbyggjandi meðferð. Meðal þessara 67 þátttakenda voru 472 blæðingatilvik meðhöndluð með Kovaltry og þurfti

1-2 innrennsli til að meðhöndla meirihluta blæðinga (83,5%) og var svörun við meðferðinni góð eða mjög góð í flestum tilvikum (87,9%).

Framköllun ónæmisþols (immune tolerance induction)

Gögnum um framköllun ónæmisþols var safnað hjá sjúklingum með dreyrasyki A. 11 sjúklingar með hlutleysandi mótefni gegn storkubætti VIII í mikilli þétni fengu mismunandi meðferðir til framköllunar ónæmisþols frá þrisvar í viku upp í tvisvar á dag. Hjá 5 sjúklingum lauk framköllun ónæmisþols með neikvæðum niðurstöðum úr mælingu hlutleysandi mótefna við lok rannsóknarinnar og einn þátttakandi var með hlutleysandi mótefni í lítilli þétni (1,2 Bethesda einingar (BE)/ml) þegar hann hætti þátttöku í rannsókninni.

Tafla 3: Notkun og almennt árangurshlutfall (eingöngu sjúklingar á fyrirbyggjandi meðferð)

	Yngri börn (0 < 6 ára)	Eldri börn (6 < 12 ára)	Unglingar og fullorðnir 12-65 ára			Alls
			Rannsókn 1	Rannsókn 2 2 x/viku skömmtu n	Rannsókn 2 3 x/viku skömmtu n	
Þátttakendur í rannsókn	25	26	62	28	31	172
Skammtur/fyrirbyggjandi inndæling, a.e./kg BW miðgildi (lágmark, hámark)	36 a.e./kg (21; 58 a.e./kg)	32 a.e./kg (22; 50 a.e./kg)	31 a.e./kg (21;-43 a.e./kg)	30 a.e./kg (21;-34 a.e./kg)	37 a.e./kg (30;-42 a.e./kg)	32 a.e./kg (21;-58 a.e./kg)
ABR – allar blæðingar (miðgildi, Q1,Q3)	2,0 (0,0; 6,0)	0,9 (0,0; 5,8)	1,0 (0,0; 5,1)	4,0 (0,0; 8,0)	2,0 (0,0; 4,9)	2,0 (0,0; 6,1)
Skammtur/inndæling til meðferðar á blæðingu Miðgildi (lágmark, hámark)	39 a.e./kg (21;72 a.e./kg)	32 a.e./kg (22; 50 a.e./kg)	29 a.e./kg (13; 54 a.e./kg)	28 a.e./kg (19; 39 a.e./kg)	31 a.e./kg (21; 49 a.e./kg)	31 a.e./kg (13; 72 a.e./kg)
Árangurshlutfall*	92,4%	86,7%	86,3%	95,0%	97,7%	91,4%

ABR: árleg blæðingatíðni

Q1 fyrsti fjórðungur, Q3 þriðji fjórðungur

BW: líkamsþyngd

*Árangurshlutfall skilgreint sem % af blæðingum sem meðhöndlaðar voru með góðum árangri eftir ≤ 2 inndælingar

5.2 Lyfjahlörf

Lyfjahlörf (PK) Kovaltry voru metin hjá sjúklingum sem áður hafa fengið meðferð og eru með alvarlega dreyrasyki A eftir gjöf á 50 a.e./kg hjá 21 einstaklingi ≥ 18 ára, 5 sjúklingum ≥ 12 ára og < 18 ára og 19 sjúklingum < 12 ára.

Þróað var líkan fyrir lyfjahvörf þýðis sem byggir á öllum tiltækum mælingum á storkupætti VIII sem gerðar voru (frá tíðum lyfjahvarfasýnatökum og öllum batasýnum) á meðan á öllum 3 klínísku rannsóknum stóð, sem leyfir útreikning á lyfjahvarfabreytum hjá einstaklingum í ýmsum rannsóknum. Tafla 4 hér að neðan sýnir lyfjahvarfabreytur sem byggðar eru á líkaninu fyrir lyfjahvörf þýðis.

Tafla 4: Lyfjahvarfabreytur (margfeldis meðaltal (%CV)) byggðar á litrófsgreiningu. *

Lyfjahvarfabreytur	≥ 18 ára N=109	12-< 18 ára N=23	6-< 12 ára N=27	0-< 6 ára N=24
T _{1/2} (klst.)	14,8 (34)	13,3 (24)	14,1 (31)	13,3 (24)
AUC (a.e.klst./dl) **	1.858 (38)	1.523 (27)	1.242 (35)	970 (25)
CL (dl/klst./kg)	0,03 (38)	0,03 (27)	0,04 (35)	0,05 (25)
V _{ss} (dl/kg)	0,56 (14)	0,61 (14)	0,77 (15)	0,92 (11)

* Byggt á áætluðum lyfjahvörfum þýðis

**Flatarmál undir ferli (AUC) reiknað fyrir skammtinn 50 a.e./kg

Endurtekna lyfjahvarfamælingar eftir 6 til 12 mánaða fyrirbyggjandi meðferð með Kovaltry gáfu ekki til kynna neinar breytingar á lyfjahvarfaeiginleikum eftir langtímameðferð.

Í alþjóðlegri rannsókn sem tók til 41 klínískrar rannsóknarstofu, var árangur Kovaltry í FVIII: C prófunum metinn og borinn saman við markaðssett rFVIII lyf af fullri lengd. Samhljóða niðurstöður komu fram fyrir bæði lyfin. FVIII: C fyrir Kovaltry má mæla í plasma með einsþreps storkuprófi eða litmyndunarprófi, sem eru hefðbundnar aðferðir á rannsóknarstofum.

Greining á öllum skráðum tilvikum um *stigvaxandi* bata hjá sjúklingum sem áður voru meðhöndlaðir sýndi miðgildishækkun > 2% (> 2 a.e./dl) fyrir hverja a.e./ kg líkamsþyngdar fyrir Kovaltry. Þetta er svipað og fyrir storkupátt VIII sem unninn er úr plasma manna. Engin marktæk breyting kom fram á 6-12 mánaða meðferðartímanum.

Tafla 5: III. stigs niðurstöður fyrir *stigvaxandi* bata

Þátttakendur í rannsókninni	N=115
Niðurstöður úr litmyndunarprófi Miðgildi; (Q1; Q3) (a.e./dl / a.e./kg)	2,3 (1,8; 2,6)
Niðurstöður úr einsþreps prófi Miðgildi; (Q1; Q3) (a.e./dl / a.e./kg)	2,2 (1,8; 2,4)

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar rannsóknir benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli rannsókna á lyfjafræðilegu öryggi og eituráhrifum á erfðaeftni *in vitro* og skammtíma rannsókna á eiturverkunum eftir endurtekna skammta. Rannsóknir á eituráhrifum eftir endurtekna skammta sem standa yfir lengur en í 5 daga, rannsóknir á eiturverkunum á æxlun og rannsóknir á krabbameinsvaldandi áhrifum hafa ekki verið gerðar. Slíkar rannsóknir eru ekki taldar skipta máli vegna myndunar mótefna gegn framandi mannpróteininu hjá dýrum. Að auki er storkupáttur VIII prótein sem er líkamanum eðlilegt og ekki er vitað til þess að það hafi áhrif á æxlun eða sé krabbameinsvaldandi.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Stungulyfsstofn

Súkrósi

Histidín

Glýsín (E 640)

Natríumklóríð

Kalsíumklóríð tvíhýdrat (E 509)

Pólýsorbit 80 (E 433)

Ísedíksýra (til stillingar sýrustigs) (E 260)

Leysir

Vatn fyrir stungulyf

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

Aðeins má nota meðfylgjandi innrennslisett við blöndun og lyfjagjöf þar sem meðferð getur misfarist sem afleiðing af aðsogi storkuþáttar VIII úr mönnum á innra byrði sumra annarra innrennslisetta.

6.3 Geymsluþol

30 mánuðir

Sýnt hefur verið fram á efna- og eðlisfræðilegan stöðugleika eftir blöndun í 3 klukkustundir við stofuhita.

Frá örverufræðilegu sjónarmiði á að nota lyfið strax eftir blöndun. Ef það er ekki notað strax eru geymslutími við notkun og ástand fyrir notkun á ábyrgð notanda.

Má ekki geyma í kæli eftir blöndun.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C – 8°C).

Má ekki frjósa.

Geymið hettuglasið og áfylltu sprautuna í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

Meðan á 30 mánaða heildargeymslutíma stendur má geyma lyfið í ytri umbúðum við allt að 25°C í takmarkaðan tíma, allt að 12 mánuði. Í því tilviki fyrnist lyfið í lok þessa 12 mánaða tímabils eða við fyrningardagsetningu hettuglassins með lyfinu, hvort sem fyrir verður. Nýja fyrningardagsetningu skal skrifa á öskjuna.

Geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð íláts og innihald, sérstakur búnaður til notkunar lyfsins, lyfjagjafar eða ísetningar þess

Hver stök pakkning af Kovaltry inniheldur:

- Eitt hettuglas með stungulyfsstofni (10 ml glært hettuglas úr gleri af tegund 1 með gráum gúmmítappa úr halogenbútýl ásamt álinnsigli).
- Eina áfyllta sprautu (3 ml eða 5 ml) með 2,5 ml (fyrir 250 a.e., 500 a.e. og 1000 a.e.) eða 5 ml (fyrir 2000 a.e. og 3000 a.e.) af leysi (glær glerlykja, af tegund 1 með gráum gúmmítappa úr brómbútýl).
- Sprautustimpil
- Millistykki fyrir hettuglas
- Eitt sett til bláæðarástungu

Pakkningastærðir

- 1 stök pakkning
- 1 fjölpakkning með 30 stökum pakkningum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Nákvæm lýsing á tilbúningi og gjöf er í fylgiseðlinum sem fylgir Kovaltry.

Blandað lyf er tær og litlaus lausn.

Kovaltry stungulyfsstofn á aðeins að leysa upp í meðfylgjandi leysi (2,5 ml eða 5 ml af vatni fyrir stungulyf) í áfylltri sprautu og með millistykki fyrir hettuglas. Blöndun fyrir innrennsli á að fara fram við smitgáaraðstæður. Sé einhver hluti pakkningarinnar rofinn eða skemmdur skal ekki að nota pakkninguna.

Eftir blöndun er lausnin tær. Lyf sem notuð eru í æð skal skoða fyrir lyfjagjöf með tilliti til agna og mislitunar. Notið ekki Kovaltry ef það inniheldur sýnilegar agnir eða er ekki tært.

Eftir blöndun á að draga lausnina upp í sprautuna. Kovaltry á að blanda og gefa með þeim áhöldum sem fylgja með pakkningunni (millistykki fyrir hettuglas, áfylltri sprautu, bláæðaástungusetti).

Blandaða lausn á að sía fyrir gjöf til að fjarlægja hugsanlegar agnir í lausninni. Sía má lausnina með því að nota millistykkið fyrir hettuglas.

Bláæðaástungusettið sem kemur með lyfinu má ekki nota til að draga blóð því það inniheldur innbyggða síu.

Aðeins til nota í eitt skipti.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Bayer AG
51368 Leverkusen
Þýskaland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMÉR

EU/1/15/1076/002 - 1 x Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml)
EU/1/15/1076/012 - 1 x Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)
EU/1/15/1076/004 - 1 x Kovaltry 500 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml)
EU/1/15/1076/014 - 1 x Kovaltry 500 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)
EU/1/15/1076/006 - 1 x Kovaltry 1000 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml)
EU/1/15/1076/016 - 1 x Kovaltry 1000 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)
EU/1/15/1076/008 - 1 x Kovaltry 2000 a.e. - leysir (5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)
EU/1/15/1076/010 - 1 x Kovaltry 3000 a.e. - leysir (5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)
EU/1/15/1076/017 - 30 x Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml)
EU/1/15/1076/018 - 30 x Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)
EU/1/15/1076/019 - 30 x Kovaltry 500 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml)
EU/1/15/1076/020 - 30 x Kovaltry 500 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)
EU/1/15/1076/021 - 30 x Kovaltry 1000 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml)
EU/1/15/1076/022 - 30 x Kovaltry 1000 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)
EU/1/15/1076/023 - 30 x Kovaltry 2000 a.e. - leysir (5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)
EU/1/15/1076/024 - 30 x Kovaltry 3000 a.e. - leysir (5 ml); áfyllt sprauta (5 ml)

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 18. febrúar 2016
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis:

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu> og á vef Lyfjastofnunar www.serlyfjaskra.is.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Bayer HealthCare LLC
800 Dwight Way
Berkeley, CA 94710
Bandaríkin

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Bayer AG
Kaiser-Wilhelm-Allee
51368 Leverkusen
Þýskaland

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka 1: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytingar á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmarkun áhættu) næst.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA STAKRAR PAKKNINGAR (með BLUE BOX)

1. HEITI LYFS

Kovaltry 250 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn.

októkóg alfa (raðbrigða manna storkuþáttur VIII)

2. VIRK(T) EFNI

Kovaltry inniheldur 250 a.e. (100 a.e. / 1 ml) októkóg alfa eftir blöndun.

3. HJÁLPAEFNI

Sykur, histidín, glýsín (E 640), natríumklóríð, kalsíumklóríð tvíhýdrat (E 509), pólýsorbat 80 (E 433), ísedíksýra (E 260) og vatn fyrir stungulyf.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD


Stungulyfsstofn og leysir, lausn.

1 hettuglas með stungulyfsstofni, 1 áfyllt sprauta með vatni fyrir stungulyf, 1 millistykki á hettuglas og 1 sett til bláæðarástungu.

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar í bláæð. Aðeins einskammta gjöf.
Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

Varðandi blöndun, lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.



6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

EXP (lok 12 mánaða tímabils, ef geymt við allt að 25°C):

Notið ekki eftir þessa dagsetningu.

Má geyma við allt að 25°C í allt að 12 mánuði fram að fyrningardagsetningu sem fram kemur á merkimiðanum. Skráið nýja fyrningardagsetningu á öskjuna.

Eftir blöndun verður að nota lyfið innan 3 klst. **Geymið ekki í kæli eftir blöndun.**

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.

Geymið hettuglasið og áfylltu sprautuna í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

Allri afgangslausn skal fleygt.

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Bayer AG
51368 Leverkusen
Þýskaland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/15/1076/002 - 1 x (Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml))

EU/1/15/1076/012 - 1 x (Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml))

13. LOTUNÚMER, AUKKENNI GJAFAR OG LYFS

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Kovaltry 250

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á þakningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI MERKIMIÐI Á FJÖLPAKKNINGU MEÐ 30 STÖKUM PAKKNINGUM (með BLUE BOX)

1. HEITI LYFS

Kovaltry 250 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn.

októkóg alfa (raðbrigða manna storkuþáttur VIII)

2. VIRK(T) EFNI

Kovaltry inniheldur 250 a.e. (100 a.e. / 1 ml) októkóg alfa eftir blöndun.

3. HJÁLPAREFNI

Sykur, histidín, glýsín (E 640), natríumklóríð, kalsíumklóríð tvíhýdrat (E 509), pólýsorbat 80 (E 433), ísedíksýra (E 260) og vatn fyrir stungulyf.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn og leysir, lausn.

Fjölþakning með 30 stökum þakningum sem hver inniheldur:

1 hettuglas með stungulyfsstofni, 1 áfyllta sprautu með vatni fyrir stungulyf, 1 millistykki á hettuglas og 1 sett til bláæðarástungu.

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar í bláæð. Aðeins einskammta gjöf.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

EXP (lok 12 mánaða tímabils, ef geymt við allt að 25°C):

Notið ekki eftir þessa dagsetningu.

Má geyma við allt að 25°C í allt að 12 mánuði fram að fyrningardagsetningu sem fram kemur á merkimiðanum. Skráið nýja fyrningardagsetningu á öskjuna.
Eftir blöndun verður að nota lyfið innan 3 klst. **Geymið ekki í kæli eftir blöndun.**

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli.

Má ekki frjósa.

Geymið hettuglasið og áfylltu sprautuna í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

Allri afgangslausn skal fleygt.

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Bayer AG
51368 Leverkusen
Þýskaland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/15/1076/017 - 30 x (Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml))

EU/1/15/1076/018 - 30 x (Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml))

13. LOTUNÚMER, AUÐKENNI GJAFAR OG LYFS

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Kovaltry 250

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkingunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

INNRI ASKJA Í FJÖLPAKKNINGU (án BLUE BOX)

1. HEITI LYFS

Kovaltry 250 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn.

októkóg alfa (raðbrigða manna storkuþáttur VIII)

2. VIRK(T) EFNI

Kovaltry inniheldur 250 a.e. (100 a.e. / 1 ml) októkóg alfa eftir blöndun.

3. HJÁLPAEFNI

Sykur, histidín, glýsín (E 640), natríumklóríð, kalsíumklóríð tvíhýdrat (E 509), pólýsorbit 80 (E 433), ísedíksýra (E 260) og vatn fyrir stungulyf.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn og leysir, lausn.


Hluti fjölpakkingar, má ekki selja sér.

1 hettuglas með stungulyfsstofni, 1 áfyllt sprauta með vatni fyrir stungulyf, 1 millistykki á hettuglas og 1 sett til bláæðarástungu.

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar í bláæð. Aðeins einskammta gjöf.
Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

Varðandi blöndun, lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.



6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

EXP (lok 12 mánaða tímabils, ef geymt við allt að 25°C):

Notið ekki eftir þessa dagsetningu.

Má geyma við allt að 25°C í allt að 12 mánuði fram að fyrningardagsetningu sem fram kemur á merkimiðanum. Skráið nýja fyrningardagsetningu á öskjuna.

Eftir blöndun verður að nota lyfið innan 3 klst. **Geymið ekki í kæli eftir blöndun.**

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.

Geymið hettuglasið og áfylltu sprautuna í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

Allri afgangslausn skal fleygt.

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Bayer AG
51368 Leverkusen
Þýskaland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/15/1076/017 - 30 x (Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml))

EU/1/15/1076/018 - 30 x (Kovaltry 250 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml))

13. LOTUNÚMER, AUKKENNI GJAFAR OG LYFS

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

Lyfseðilsskylt lyf

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Kovaltry 250

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

HETTUGLAS MEÐ STUNGULYFSSTOFNI, LAUSN

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Kovaltry 250 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn.

októkóg alfa (raðbrigða manna storkupáttur VIII)

Til notkunar í bláæð.

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

250 a.e. (októkóg alfa) (100 a.e./ml eftir blöndun).

6. ANNAD

Bayer-Logo

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA STAKRAR PAKKNINGAR (með BLUE BOX)

1. HEITI LYFS

Kovaltry 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn.

októkóg alfa (raðbrigða manna storkuþáttur VIII)

2. VIRK(T) EFNI

Kovaltry inniheldur 500 a.e. (200 a.e. / 1 ml) októkóg alfa eftir blöndun.

3. HJÁLPAEFNI

Sykur, histidín, glýsín (E 640), natríumklóríð, kalsíumklóríð tvíhýdrat (E 509), pólýsorbat 80 (E 433), ísedíksýra (E 260) og vatn fyrir stungulyf.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD


Stungulyfsstofn og leysir, lausn.

1 hettuglas með stungulyfsstofni, 1 áfyllt sprauta með vatni fyrir stungulyf, 1 millistykki á hettuglas og 1 sett til bláæðarástungu.

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar í bláæð. Aðeins einskammta gjöf.
Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

Varðandi blöndun, lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.



6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

EXP (lok 12 mánaða tímabils, ef geymt við allt að 25°C):

Notið ekki eftir þessa dagsetningu.

Má geyma við allt að 25°C í allt að 12 mánuði fram að fyrningardagsetningu sem fram kemur á merkimiðanum. Skráið nýja fyrningardagsetningu á öskjuna.

Eftir blöndun verður að nota lyfið innan 3 klst. **Geymið ekki í kæli eftir blöndun.**

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.

Geymið hettuglasið og áfylltu sprautuna í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

Allri afgangslausn skal fleygt.

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Bayer AG
51368 Leverkusen
Þýskaland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/15/1076/004 - 1 x (Kovaltry 500 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml))

EU/1/15/1076/014 - 1 x (Kovaltry 500 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml))

13. LOTUNÚMER, AUKKENNI GJAFAR OG LYFS

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Kovaltry 500

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI MERKIMIÐI Á FJÖLPAKKNINGU MEÐ 30 STÖKUM PAKKNINGUM (með BLUE BOX)

1. HEITI LYFS

Kovaltry 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn.

októkóg alfa (raðbrigða manna storkuþáttur VIII)

2. VIRK(T) EFNI

Kovaltry inniheldur 500 a.e. (200 a.e. / 1 ml) októkóg alfa eftir blöndun.

3. HJÁLPAREFNI

Sykur, histidín, glýsín (E 640), natríumklóríð, kalsíumklóríð tvíhýdrat (E 509), pólýsorbat 80 (E 433), ísedíksýra (E 260) og vatn fyrir stungulyf.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn og leysir, lausn.

Fjölþakning með 30 stökum þakningum sem hver inniheldur:

1 hettuglas með stungulyfsstofni, 1 áfyllta sprautu með vatni fyrir stungulyf, 1 millistykki á hettuglas og 1 sett til bláæðarástungu.

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar í bláæð. Aðeins einskammta gjöf.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

EXP (lok 12 mánaða tímabils, ef geymt við allt að 25°C):

Notið ekki eftir þessa dagsetningu.

Má geyma við allt að 25°C í allt að 12 mánuði fram að fyrningardagsetningu sem fram kemur á merkimiðanum. Skráið nýja fyrningardagsetningu á öskjuna.
Eftir blöndun verður að nota lyfið innan 3 klst. **Geymið ekki í kæli eftir blöndun.**

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli.

Má ekki frjósa.

Geymið hettuglasið og áfylltu sprautuna í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

Allri afgangslausn skal fleygt.

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Bayer AG
51368 Leverkusen
Þýskaland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/15/1076/019 - 30 x (Kovaltry 500 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (3 ml))

EU/1/15/1076/020 - 30 x (Kovaltry 500 a.e. - leysir (2,5 ml); áfyllt sprauta (5 ml))

13. LOTUNÚMER, AUÐKENNI GJAFAR OG LYFS

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Kovaltry 500

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkingunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

INNRI ASKJA Í FJÖLPAKKNINGU (án BLUE BOX)

1. HEITI LYFS

Kovaltry 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn.

októkóg alfa (raðbrigða manna storkuþáttur VIII)

2. VIRK(T) EFNI

Kovaltry inniheldur 500 a.e. (200 a.e. / 1 ml) októkóg alfa eftir blöndun.

3. HJÁLPAEFNI

Sykur, histidín, glýsín (E 640), natríumklóríð, kalsíumklóríð tvíhýdrat (E 509), pólýsorbat 80 (E 433), ísedíksýra (E 260) og vatn fyrir stungulyf.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn og leysir, lausn.


Hluti fjölpakkingar, má ekki selja sér.

1 hettuglas með stungulyfsstofni, 1 áfyllt sprauta með vatni fyrir stungulyf, 1 millistykki á hettuglas og 1 sett til bláæðarástungu.

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar í bláæð. Aðeins einskammta gjöf.
Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

